Vín
BLAÐIÐ
Vínþrúgur
Alsace – staður fyrir sælkera
Zinfandel
Áfengisneysla á meðgöngu
Vöruskrá
VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

Þitt eintak

vinbud.is

Breyttir tímar á laugardögum

Nú eru allar vínbúðir á höfuðborgarsvæðinu opnar frá kl.11 til kl.18 á laugardögum.

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI 5
Okkar stefna og áherslur í þjónustu

FRÉTTIR 6
Áfengissala fyrir verslunarmannahelgina
Sala áfengis frá janúar til júníloka
Sala áfengis í júní
Pokasjóður hjálpar til við göngustígagerð við Gullfoss
Námskeið í vínfræðum

VÍNÞRÚGUR 7

ÞRÚGUR OG MATUR 10

ALSACE - STAÐUR FYRIR SÆLKERA 12

MOLAR ÚR ÝMSUM ÁTTUM 15

ÁFENGISNEYSLA Á MEÐGÖNGU / DOKTOR.IS 16

ZINFANDEL 18

MATARTÁKN 19

NÝJAR VÖRUR Í KRINGLUNNI OG HEIÐRÚNU 20

Vínblaðið, 3.tbl. 4. árg. ágúst 2006
Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR
Ábyrgðarmaður: Ívar J. Arndal ● Ritstjóri: Þórdís Yngvadóttir
Ritstjórn: Einar Snorri Einarsson, Gissur Kristinsson, Þórdís Yngvadóttir
Greinar eftir Christina Heina Liman, Pál Sigurðsson, Gissur Kristinsson, Þórgunni Hjaltadóttur (www.doktor.is) ● Samantekt á vöruskrá: Skúli Þ. Magnússon ● Myndir: Andreas Bennwik, www.cephas.com, www. corbis.com Sigrún Kristjánsdóttir, Sigurður Þór Sigurðarson, Vigfús Birgisson
Hönnun forsíðu: Margrét E. Laxness ● Umbrot: Nansen ehf.
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, www.vinbud.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Áskilinn er réttur til leiðréttinga.

VÖRUSKRÁ 26
Rauðvín 26
Lífrænt ræktað 50
Óáfengt 50
Kassavín 51
Hvítvín 52
Gjafavara 65
Sætvín 65
Rósavín 66
Freyðivín 66
Líkjörvín: Madeira, Portvín 68
Sérrí, Ávaxtavín, Síder, Vínblöndur 69
Kryddvín, Bitter 70
Líkjör 70
Brandí 72
Ávaxtabrandí, Hratbrandí 73
Viskí 74
Romm 75
Tekíla 75
Vodka 75
Gin 76
Sénever, Akvavit, Anís 76
Snafs 77
Annað áfengi undir 15% 77
Gosblöndur 77
Annað sterkt áfengi, Kryddromm 77
Skot 78
Sake 78
Bjór 78

VÖRUR Í STAFRÓFSRÖÐ 82

AFGREIÐSLUTÍMI VÍNBÚÐA 99

OKKAR STEFNA OG ÁHERSLUR Í ÞJÓNUSTU

Stefna vínbúðanna er að byggja upp þjónustu með mismunandi þarfir viðskiptavina í huga. Við höfum sett okkur það markmið að tryggja sem áhugaverðasta vöruúrval fyrir alla viðskiptavini okkar. Við leggjum metnað í að vínbúðir okkar séu með framúrskarandi vöruúrval og í samræmi við væntingar viðskiptavina á hverjum tíma – ásamt því að ná til helstu vínræktarsvæða heimsins. Nokkuð hefur borið á einsleitni í vöruvali vínbúðanna og langar okkur að bæta þar úr. Ætlun okkar er að allar vínbúðirnar (46 talsins) verði með úrval úr flokki sérvína á boðstólnum með haustinu. Sérvínin eru sérstaklega valin með tilliti til ríkjandi vöruúrvals, en með þeim er ætlað að auka vöruúrvalið og koma til móts við sífellt fjölbreyttari óskir viðskipavina okkar.

Margir viðskiptavinir hafa eflaust tekið eftir að afgreiðslutímar vínbúðanna á höfuðborgarsvæðinu hafa lengst nú í sumar. Þann 1.september opna allar vínbúðirnar á sama tíma (klukkan 11 á morgnanna) og síðan í maí hefur verið opið til kl. 18 á laugardögum. Það er ánægjulegt að sjá að viðskiptavinir okkar eru fljótir að taka við sér og nú, tveimur mánuðum eftir breytingarnar, koma yfir þriðjungur viðskiptavina okkar í vínbúðirnar á nýja afgreiðslutímanum milli 16 og 18. Það er ekki hægt að skrifa um afgreiðslutíma vínbúðanna án þess að minnast á afgreiðslutíma vínbúðanna í Holtagörðum og á Dalvegi, en þær opna nú klukkan 9 og loka klukkan 20 á kvöldin, mánudaga til föstudaga.

Lifum, lærum & njótum!
Einar S. Einarsson,
framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs

ÁFENGISSALA UM VERSLUNARMANNAHELGINA

Um 109 þúsund viðskiptavinir komu í vínbúðirnar í vikunni fyrir verslunarmannahelgina (vika 31), eða um 3% fleiri en í sömu viku árið 2005. Föstudagurinn um verslunarmannahelgina (4.ágúst í ár) er einn stærsti dagur ársins í vínbúðunum í sölu. Í ár komu um 37 þúsund manns í vínbúðirnar á föstudeginum.

Vikan fyrir verslunarmannahelgina er ein stærsta söluvika ársins og er salan að jafnaði 50% meiri en aðrar vikur í júlí (sem er næst söluhæsti mánuður ársins).

Að jafnaði koma um 300 þúsund viðskiptavinir í vínbúðirnar í hverjum mánuði sem gera meira en 3,5 milljónir viðskiptavina á ári.

SALA ÁFENGIS FRÁ JANÚAR TIL JÚNÍLOKA

Frá janúar til júníloka seldu vínbúðirnar rúmlega 8,5 milljónir lítra af áfengi. Er það 9,2% meiri sala en á sama tíma árið 2005. Athygli vekur að sala á rauðvíni eykst aðeins um tæp 2,5% á milli ára, en sala á hvítvíni eykst um rúm 15%. Sala á öli og öðrum bjórtegundum eykst töluvert miðað við árið 2005, en þessar bjórtegundir eru engu að síður rétt yfir 1% af sölu lagerbjórs. Sala á lagerbjór eykst um rúm 10% milli ára og er nú 78,1% af allri sölu vínbúðanna í lítrum talið.

SALA ÁFENGIS Í JÚNÍ

Sala áfengis í júní var tæp 14% meiri en í sama mánuði árið 2005. Aukning í sölu áfengis í lítrum frá janúar til júní er rúm 9%.

Tæplega 339 þúsund viðskiptavinir komu í vínbúðirnar 46 í júnímánuði og er það 6,9% fleiri viðskiptavinir en komu í vínbúðirnar sama mánuð í fyrra.

Fyrsta helgin í júlí er oft talin með stærstu helgum ársins í sölu á áfengi. Í ár komu rétt rúm 80 þúsund viðskiptavinir í vínbúðirnar dagana 26. júní til laugardagsins 1. júlí. Varla er hægt að tala um aukningu milli ára þegar miðað er við sama tímabil fyrir ári, því aukningin í viðskiptum er einungis 0,6%

Bjarni Finnsson formaður stjórnar Pokasjóðs, Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra, Davíð Egilsson forstjóri Umhverfisstofnunar, Ívar J. Arndal forstjóri ÁTVR og Höskuldur Jónsson.

POKASJÓÐUR ÁTVR HJÁLPAR TIL VIÐ GÖNGUSTÍGAGERÐ VIÐ GULLFOSS.

Í sumar veitti Pokasjóður ÁTVR fimm milljóna króna framlag til framkvæmda við gerð göngustíga við Gullfoss.

Þetta er í þriðja sinn sem ÁTVR hefur milligöngu um styrkveitingu til framkvæmda við Gullfoss. Með þessu er verið að fylgja eftir framlagi sem veitt var til framkvæmda við Gullfoss á árunum 1992-1994. Þá lögðu framleiðendur Heineken bjórs og umboðsmaður þeirra, Rolf Johansen & co, fram rúmar 5 milljónir króna fyrir milligöngu ÁTVR til að bæta aðstöðu ferðamanna við fossinn. Féð var notað til smíða á útsýnispalli og stígagerðar.

Um það bil tíu árum síðar, árið 2004, veitti Pokasjóður ÁTVR Umhverfisstofnun styrk til að vinna að gerð plankastéttar á efra plani við Gullfoss sem bætir aðgengi ferðamanna að útsýnispalli fyrir ofan fossinn. Stéttin tekur við fyrir ofan tröppurnar sem tengja efri og neðri aðkomu og liggur að útsýnispalli fyrir ofan Gullfoss. Eldri gangstígurinn var farinn að skemmast og orðinn illfær að hluta.

Á síðasta ári var búið að smíða um 200 metra plankastéttarinnar en með framlaginu í ár er áætlað að ljúka við gerð hennar þannig að hún nái að gestastofunni.

NÁMSKEIÐ Í VÍNFRÆÐUM

Þeir sem hafa áhuga á að læra meira um vín geta farið á námskeið í vínfræðum í haust. Endurmenntun Háskóla Íslands og vínbúðirnar munu standa saman fyrir námskeiði í haust, sem verður auglýst þegar nær dregur, meðal annars á www.vinbud.is. Einnig verður Vinskolinn.is með námskeið sem verða m.a. auglýst í ágúst á heimasíðunni: www.vinskolinn.is

VÍNÞRÚGUR

© CEPHAS.com/Kevin Judd

GISSUR KRISTINSSON VÍNRÁÐGJAFI

Þegar við ætlum að velja vín fyrir sérstakt tilefni, eða ef okkur langar hreinlega bara í eitthvað sem við höfum ekki smakkað áður, skiptir þá þrúgutegundin einhverju máli? Já, svo sannarlega.

Ákveðnar þrúgutegundir gefa af sér vín með mjög sterk tegundareinkenni og þau henta ekki alltaf tilefninu. Öflug nautasteik fer með ákveðnum vínum og eru jafnvel gerð úr ákveðnum þrúgutegundum, það sama gildir um létta skelfiskrétti, með þeim fara ákveðnar tegundir vína.

Í þessari grein verður gerð tilraun til þess að fræða lesandann að einhverju leiti um fjórar algengar þrúgutegundir, tvær hvítar og tvær rauðar. Mikilvægustu þrúgutegundir heims eru rétt rúmlega 30 og tegundirnar fjórar sem við fjöllum um hér teljast til þess hóps.

GRENACHE

Garnacha er ef til vill betur þekkt meðal helstu vínunnenda undir franska heitinu Grenache Noir. Allt bendir til þess að þrúgan sé ættuð frá Spáni og því væri rökréttara að kalla hana Garnacha Tinta. Frá norður hluta Spánar hefur þrúgan borist yfir til Frakklands og þaðan um allan heim. Líklegt þykir að þrúgan hafi verið ræktuð í héruðunum Aragon og Katalóníu á Spáni um aldir. Þaðan hefur ræktun Garnacha áreiðanlega borist til Roussillon sem tilheyrði áður fyrr Spáni. Fyrstu skriflegu heimildir um Grenache eru síðan 1659 í frönskum skráningum á ræktuðum þrúgutegundum.

Garnacha er ekki auðveld í ræktun. Þar sem hún hefur nóg vatn og þægilegt hitastig getur hver planta framleitt óhemju magn af vínberjum, sem gefur af sér þunnt og fremur óspennandi vín. Lífið má því ekki vera henni of auðvelt. Besti árangur næst þar sem að vínviðurinn er nokkurra áratuga gamall í rýrum jarðvegi og liggur við skrælnun af þurrki. Í Prioart á Spáni vex vínviðurinn á frekar hrjóstugu landi, þöktu flögubergi og í afar þurru loftslagi, en þar næst besti árangur í ræktun á Garnacha.

Einn helsti vandi í víngerðinni er hversu viðkvæmt berið er fyrir oxideringu. Það verður því að gæta þess vel við meðhöndlun á Garnacha að ekkert loft komist að vínsafanum meðan á víngerðinni sjálfri stendur. Of mikið loft veldur því að safinn þroskast of hratt og tapar lit.

Grenache er í mestu metum meðal Spánverja og Frakka, en þær þjóðir eru afkastamestu framleiðendurnir á Grenache/Garnacha vínum. Grenache er staðbundið í Suður-Frakklandi á svæðunum meðfram Miðjarðarhafinu, Provance, Rhone og Languedoc-Roussillon, en þar er ræktað mest af þessari þrúgutegund í heiminum. Þar eru um 93.076 hektarar lagðir undir Grenache. Fast á hæla Frakkana koma Spánverjar með 92.624 hektara undir ræktun á Garancha Tinta, en hún er mest ræktaða rauða þrúgan á Spáni. Þar er hún aðallega notuð í blöndur nema í Priorat héraðinu.

Þrúgan er annars nokkuð mikið ræktuð á Suður-Ítalíu

og þá aðallega í Calabriu og á Sikiley. Á Sardiníu gengur Grenache undir nafninu Cannonau. Þrúgutegundin barst til Ástralíu frá Suður-Frakklandi rétt í kringum aldamótin 1800.

SYRAH

Syrah er einhver ilmríkasta og dulúðugasta þrúgutegund jarðar. Hún hefur því fengið margskonar umsagnir um uppruna og tilurð sína. Talið hefur verið að hún sé upprunnin í Persíu en þar er borgin Shiraz. Þaðan hafi hún borist til Frakklands. Sögur segja að einsetumenn eða munkar hafi á leið sinni milli klaustra gróðursett þennan öðling í hlíðum Rónardalsins fyrir margt löngu. Þessar sögusagnir eru nú marklausar því sönnur hafa verið færðar á að tegundin sé upprunnin í norðurhluta Rónardalsins í suð-austur Frakklandi. Þar með fór það, engar skemmtisögur eða ævintýri lengur um dulúðlegan uppruna Syrah.

Frá yfirráðatímum Rómverja í Frakklandi segir frá því að í norðurhluta Rónardalsins hafi Allobrogar búið, einn af þjóðflokkum Gaulverja, en þeir ræktuðu þrúgutegund sem kennd var við heiti þjóðflokksins, Allobrogica. Talið er að Syrah þrúgan hafi þróast út frá þessari fornu þrúgutegund Allobrogica.

Þau Syrah vín sem vöktu athygli strax frá upphafi voru frá norður hluta Rónardalsins, í hreppunum Cote Rotie og Hermitage. Það er reyndar svo að enn þann dag í dag eru þessi vín viðurkennd sem þau bestu úr þrúgunni.

Tilkoma Shiraz í Ástralíu liggur nokkuð skýrt fyrir. Innflytjendur í Ástralíu sendu útsendara til Frakklands til þess að finna græðlinga af vínvið sem gæti hentað hinum heitu og þurru aðstæðum Ástralíu. Fremstur í flokki var hinn skoskættaði faðir ástralskrar víngerðar, James Busby, sem var á ferð í Frakklandi 1832 og tók með sér Syrah græðlinga heim. Hann var eins og fleiri Ástralir fullviss um að hægt væri að rækta þessa kraftmiklu þrúgutegund frá Rónardalnum andfætis. Þetta reyndist rétt og flestir vináhugamenn vita nú að sú þrúgutegund sem Ástralar hafa náð hvað bestu tökum á er Shiraz (en þannig stafsetja þeir heiti þrúgunnar Syrah).

Syrah er að finna í langmestu magni í suð-austur hluta Frakklands, í Rónardalnum, Provance og Languedoc Roussillon. Samanlagður fjöldi hektara sem ræktaðir eru Syrah á þessum svæðum er 45.082. Ástralir rækta næstmest þjóða Shiraz en þeir hafa lagt um 25.596 hektara lands undir ræktunina.

Útbreiðsla Syrah hefur þanist svo út um allan heim á síðustu áratugum að því má líkja við sprengingu. Bandaríkjamenn rækta nú Syrah í gríðarlegu magni og má eiginlega segja að hún sé ein af tískuþrúgunum í dag á heimsmarkaðinum. Spánverjar hafa einnig hafið ræktun á Syrah, sömuleiðis Svisslendingar, Chilebúar, Argentínumenn, Suður-Afríkumenn og Ný-Sjálendingar.

Syrah þrúgan er ekki bara einstök ein og sér heldur er vinsælt að blanda henni saman við aðrar þrúgur. Þekktasta dæmið er án nokkurs vafa blöndunin við Grenache þrúguna í Chateauneuf-du-Pape í suður hluta Rónardalsins. Þetta tóku Ástralir upp eftir Frökkunum og blanda þrúguna heilmikið við aðrar þrúgur. Hið þekkta GSM frá Ástralíu er til dæmis sama blandan og er algengust í Chateauneuf-du-Pape: Grenache, Syrah og Mourvedre.

© CEPHAS.com/Kevin Argue

Kanadamenn uppskera Riesling í fyrstu frostunum fyrir hið þekkta sætvín Ice Wine

RIESLING

Riesling þrúgan er vanmetnasta þrúgan í öllum vínheiminum, neytendur um allan heim hafa gjarnan haft einhverskonar neikvæðar hugmyndir um þrúguna og því ekki keypt vín úr henni. Það er þó ánægjulegt að vita til þess að hér á landi eru vín úr Riesling þrúgunni þau vinsælustu meðal hvítra vína.

Sömuleiðis er ótrúlegt hversu margir sérfræðingar um vín og gæði þeirra hafa hafið vín úr þrúgunni upp til skýjanna á meðan aðrar hvítvínsþrúgur sem eru framleiddar í miklu meira magni fá ekki jafn gott umtal. Vissulega er rétt að Riesling þrúgan getur gefið af sér einhver frábærustu vín veraldar allt frá örlítið sætum, ferskum og léttum vínum, til öflugra og flókinna en jafnframt þurra matarvína, að ekki sé talað um hin frábæru sætvín.

Riesling þrúgan hefur ávallt átt stóran aðdáendahóp hér á landi. Mesta aukningin í sölu á borðvínum hér á landi er nú í hvítum vínum og þar tróna Riesling vín á toppnum, bæði þýsk og áströlsk.

Það eru helst fjögur lönd á jarðkringlunni sem státa af Riesling vínum í frábærum gæðum, en það eru Þýskaland, Austurríki, Frakkland og Ástralía. Í þessum löndum hafa verið gerðar umtalsverðar endurbætur í ræktun á þrúgunni og er hún nú í mikilli sókn um allan heim, eftir að hafa fengið vondan skell vegna útbreiðslu ómerkilegra Riesling vína eins og Liebfraumilch og fleiri félaga. Liebfraumilch, Blue

Nun, Black Tower og fleiri vín höfðu gríðarlega markaðsstöðu um allan heim á sínum tíma, en jafnframt urðu þessi þunnu og frekar ómerkilegu vín þekkt sem Riesling vín og grófu undan orðspori þessarar frábæru þrúgutegundar. Það skondnasta við þetta allt saman var að það var jafnvel ekki að finna einn einasta dropa af Riesling safa í þessum vínum. Svona getur lífið stundum verið ósanngjarnt.

Það er talið öruggt að Riesling þrúgan sé upprunnin í Þýskalandi, einhversstaðar í námunda við Mosel og Rín. Þaðan breiddist þrúgan út til annarra landa í Mið-Evrópu.

Riesling þrúgan hefur þann eiginleika að bera bragð af hinum mismunandi ræktunarskilyrðum og jarðvegseinkennum, en það hefur tryggt útbreiðslu hennar. Þýskir innflytjendur fluttu með sér Riesling þrúguna um víðan völl, til Ástralíu, Kaliforníu og Suður-Ameríku.

Allt frá upphafi gekk ótrúlega vel að rækta Riesling þrúguna í Ástralíu, þó sat hún í skugganum af ótrúlegri aukningu á ræktun Chardonnay þar í landi. Sérstaklega ánægjulegt er að í dag er mikil vakning fyrir Rieslingræktun í Ástralíu og mikið hefur verið gert til að auka gæðin. Það er í raun og veru alveg ótrúlegt að þessi þrúgutegund, sem er upprunnin í Þýskalandi, á svæði sem er á mörkum þess að vera of kalt til víngerðar, skilar þvílíkum árangri í heita loftslaginu í Ástralíu.

© CEPHAS.com/Alain Proust

Vínræktandi smakkar Sauvignon Blanc rétt fyrir uppskeru.

SAUVIGNON BLANC

Sauvignon Blanc vínþrúgan hefur verið í mikilli sókn undanfarna áratugi og þá sérstaklega í löndum Nýja-Heimsins. Ein þjóð ber þó af. Víngerðarsnillingar Nýja Sjálands hafa komið landi sínu heldur betur á vínlandakortið með frábærum vínum úr þrúgunni.

Þó ekki væri hægt að hrósa Sauvignon Blanc fyrir nema einn hlut, þá væri það eflaust hlutverk þrúgunnar í sköpun frægustu vínþrúgu heims: Cabernet Sauvignon. Þannig er mál með vexti að það tókust náin kynni með þrúgutegundunum Cabernet Franc og Sauvignon Blanc í Bordeaux héraði í Frakklandi. Þessi kynni gáfu af sér nýja þrúgutegund sem að sjálfsögðu var skírð í höfuðið á foreldrunum. Þar með hafði Sauvignon Blanc átt sinn þátt í að skapa verðmætustu þrúgutegund veraldar.

Uppruna Sauvignon Blanc má rekja til hins ágæta svæðis, Bordeaux í Frakklandi, en þar er hún í mestri ræktun, nánar tiltekið í Loire, Bordeaux og Languedoc-Roussillon, um 19.866 hektarar. Einnig er gríðarleg ræktun á þrúgunni í Moldavíu eða á um 11.100 hekturum lands. Næst í röðinni er Chile með 6.756 hektara, Kalifornía með 5.463 hektara og svo Suður-Afríka með 5.313 hektara.

Í Bordeaux hefur tíðkast í gegnum aldirnar að blanda Sauvignon Blanc með Semillon til þess að milda sýru og grænjaxlakeim Sauvignon Blanc. Þetta hefur þó breyst undanfarinn áratug og sífellt fleiri Chateau, eða víngerðahús, sem framleiða hvít Bordeaux vín framleiða nú hreint Sauvignon Blanc.

Í Loire er algengast að framleidd séu hvítvín eingöngu úr Sauvignon Blanc. Þar eru þekktustu svæðin Sancerre og Puilly Fumé. Óhætt er að fullyrða að frá þessum svæðum koma bestu Sauvignon Blanc vín veraldar, með einkennandi hátt sýrustig og ferskleika í frábæru jafnvægi við steinefna- og jarðartóna. Það er einmitt það sem sóst er eftir í Sauvignon Blanc vínum; fersk og steinefnarík vín.

Á hinn bóginn einkennir meiri ávöxtur vín Nýja-Heimsins og þá sérstaklega Sauvignon Blanc vín Nýja-Sjálands. Vínin þaðan hafa hrifið neytendur um allan heim með frábærum ferskum ávexti sem gjarnan einkennist af sítrus, aspargus, grænum pipar og ástríðualdinum. Með öðrum orðum er ferskleikinn og ávöxturinn það sem er mest áberandi hjá Nýja-Heiminum.

Chile hefur framleitt mikið af Sauvignon Blanc, en þau vín stóðu áður fyrr langt að baki vínum samkeppnisaðilanna. Rétt eftir 1980 kom í ljós að víngerðarmenn höfðu ekki eingöngu framleitt úr Sauvignon Blanc heldur voru garðarnir gjarnan blandaðir með annarri skyldri tegund, Sauvignonasse. Þetta hefur nú verið lagað og á Chile framtíð fyrir sér sem framleiðandi á Sauvignon Blanc. Þess ber þó að geta að frábær árangur hefur náðst með Sauvignon Blanc þrúgunni í svölu loftslagi Nýja-Sjálands. Sú vitneskja gætu framleiðendur í Chile notfært sér og gert frekari tilraunir með þrúguna á syðri og svalari svæðum.

Gissur Kristinsson, vínráðgjafi.

ÞRÚGUR OG MATUR

Með hverskonar mat fara Riesling vín best?

Þýskaland

Þýsk *Riesling* vín eru reyndar svo óendanlega fjölbreytt, allt frá þurrum vínum og upp í hin frábæru sætu og bragðmiklu vín eins og til dæmis *Beerenauslese*, *Trockenbeerenauslese* og *Eiswein*. Það passar ekki allur matur með hvaða Riesling sem er og því þarf að vanda valið. Því sætari sem vínin eru því vandasamara er að velja mat með. *Riesling Kabinett* eða *Spätlese* frá Mosel eru til dæmis mjög gott með *silungi* eða *reyktu fiskipate*.

Halbtrocken eða *Trocken Riesling* vín henta sérstaklega vel með *fiskréttum í rjómasósu*.

Gott *Spätlese Riesling* vín hefur næga sýru og hentar því sérstaklega vel með *feitu og bragðmiklu fuglakjöti* eins og *aligæs eða önd*.

Sæt Riesling vín frá Þýskalandi eru tilvalin með *súrsætum réttum* eða þeim sem byggja á *sætkenndum sósum frá austurlöndum fjær*.

Sætari vín eins *Auslese* eða jafnvel ennþá sætari má bera fram með *eftirréttum* eða bara *drekka þau ein og sér*.

Frakkland/Ástralía

Riesling vín frá *Alsace* eru mun meiri matarvín heldur en „frændurnir“ í Þýskalandi og geta farið vel með ótrúlega *fjölbreyttum mat*, allt frá hinum frægu *laukbökum Alsace* héraðs til *bragðmikilla kjúklingarétta*. Þá er einnig rétt að geta þess að bæði frönsk og austurísk Riesling vín eru tilvalin með *austurlenskum mat*, kínverskum sem tælenskum. Áströlsk Riesling vín líkjast þeim frönsku fremur en þeim þýsku. Vín frá þessum löndum eiga það sameiginlegt að vera tilvalin matarvín og passa mjög vel með margskonar *fiskréttum*. Þurr Riesling vín með ferskan epla- eða sítruskeim eru einnig mjög góð til að drekka með *fersku salati með vinaigrette dressingu*.

Með hverskonar mat hentar Sauvignon Blanc best?

Sauvignon Blanc þrúgan hefur til að bera næga snerpu og nógu hátt sýrustig til þess að vín úr henni fari vel með *bragðmiklum fiskréttum* og margskonar *skelfiski*. Hið háa sýrustig gerir Sauvignon Blanc vín nógu öflug til þess að drekka með *tómataréttum*. Eitt þekktasta dæmið um full-

komna pörun víns og matar er gæða ***Sancerre*** eða ***Pouilly Fume*** með hinum margrómaða *geitaosti* sem framleiddur er í efri hluta Loire dalsins.

Sauvignon Blanc vín eru frábærir *fordrykkir*, fersk og sýruríkog koma bragðlaukunum á fulla ferð við fyrsta sopa.

Hvaða matur á best við með Grenache/Garnacha?

Grenache þrúgutegundin gefur af sér svo breitt úrval af margskonar vínum að erfitt er að benda á einn ákveðinn matarflokk sem á best við vínin. Það er erfitt að ímynda sér nokkra kjöttegund sem ekki er hægt að finna eitthvað Grenache vín með. Léttari vín henta vel með léttari kjöttegundum eins og *svíni, kálfi og kjúklingi.* Þau sem hafa til að bera mikið berjabragð og lítil tannín fara mjög vel með sterkkrydduðum *indverskum mat*. Léttari Grenache vín henta einnig mjög vel með *grillmat* t.d. með *BBQ sósu*.

Hin þéttari og kraftmeiri Grenache vín eru tilvalin með allra bragðmestu *steikum, lambi, nauti, villibráð og bragðmestu pottréttum*.

Ekki má gleyma *rósavínum* sem gerð eru úr Grenache, en vel kæld eru þau hinn eini og sanni svaladrykkur á heitum sumardögum auk þess sem þau eiga einstaklega vel við með hinum margbreytilegu *smáréttum úr Miðjarðarhafseldhúsinu*.

Hvaða matur hentar best með Syrah/Shiraz?

Hvaðan sem *Syrah* þrúgan er upprunin þá er alveg á hreinu að Syrah vínin eru frábær matarvín og fara best með kraftmiklum réttum, hvort sem það eru *stórsteikur, grillmatur eða pottréttir*. Vínin eru það kraftmikil að yfirleitt smellpassa þau með bragðmiklum og kjarngóðum mat.

Syrah frá Norður-Rhone er upplagður drykkur til þess að hafa með *villibráð, nauta- og hjartarkjöti.* Það sama á reyndar við um kraftmestu Shiraz vín Ástralíu, þau fara sérstaklega vel með bragðmiklu villibráðinni okkar.

Syrah/Shiraz vín frá Ástralíu og Suður-Afríku henta með *grillmat* þar sem að gjarnan má finna einskonar reykkeim af vínunum, sem á vel við viðarkolareykinn.

Léttari tegundir af Syrah vínum henta best með *kalkún, svínakjöti, kjúklingi og öllu léttara kjöti*. Með *indverskum* mat þarf að velja léttara og ávaxtaríkara Shiraz/Syrah.

© CEPHAS.com/Mick Rock

Það eru mörg handtökin við berjauppskeruna. Hér má sjá franskan bónda með Grenanche vínber í Côtes du Rhône héraði.

Hvaða matur á best við blöndur úr Grenache og Syrah?

Hér erum við komin að fjölbreyttum flokki rauðra vína af öllum mögulegum bragðstyrkleika. Íslendingar þekkja mörg þessara vína, sérstaklega þó *Chateauneuf-du-Pape,* eitt af eðalvínum Suður Rónardalsins og þekkt fyrir mikinn kraft og margbreytileika. Þessi vín eru einhver þau bestu til að hafa með góðri *villibráð* og reyndar öllum *kröftugri steikum*.

En það eru ekki bara þessi vín sem framleidd eru í Suður-Frakklandi, heldur hafa blöndur rauðra þrúgna verið einhver algengasta framleiðsluvara í Languedoc-Rousillon í gegnum aldirnar og öll eru þessi vín einstaklega vel fallin til þess að fara með alls konar mat. Ekki síst krydduðum mat og þá sérstaklega þeim sem á einhverja fyrirmynd í matreiðslu sem tíðkast við Miðjarðarhafið.

Ekki má gleyma hinum vinsælu *GSM vínum* frá Ástralíu, en mörg þeirra hafa fengist hér árum saman og notið mikilla vinsælda. Þetta er í raun og veru blanda þrúgutegunda sem Ástralir hafa tekið upp, með vínin frá Suður-Rónardal sem fyrirmynd. Þetta eru vín sem eru tilvalin með margskonar kjöti, þau öflugustu með villibráð og hin með allskonar léttara kjötmeti.

Gissur Kristinsson, vínráðgjafi

ALSACE – STAÐUR FYRIR SÆLKERA

© CEPHAS.com/Kevin Judd

PÁLL SIGURÐSSON VÍNRÁÐGJAFI

Þann 19. maí sl. rættist langþráður draumur minn að komast til Alsace, en þangað hef ég þráð að koma allt frá því að ég fór á námskeið um Alsace fyrir um það bil 20 kílóum síðan. Ég veit ekki hvort það var útlitið á flöskunum sem heillaði mig mest, þær eru háar og grannar, öfugt við mig, eða það sem við eigum sameiginlegt, gott innihald og að þar sem matur er annarsvegar njótum við okkar best.

Ferðin var farin á vegum vinskolinn.is sem Dominique Pledel rekur. Við vorum fjórir starfsmenn frá vínbúðum í þessari ferð ásamt 22 öðrum venjulegum borgurum. Flogið var til Frankfurt-Hahn og ekið með rútu til Kayserberg þar sem við gistum og höfðum höfuðstöðvar. Dagskráin var strembin, en mjög áhugaverð og lærdómsrík. Heimsótt voru sjö víngerðarhús og tekið hús hjá vínframleiðandasamtökunum í Alsace. Það var mjög áhugavert að heyra um hve mismunandi áherslur menn höfðu bæði í vínræktinni og víngerðinni. Eins var með vínin sem voru mjög ólík.

Alsace liggur í skjóli Vosgesfjallanna á norðaustur horni Frakklands. Þrátt fyrir að liggja norðarlega er Alsace talið eitt þurrasta og sólríkasta svæði Frakklands.

Við Íslendingar þurftum náttúrulega að taka með okkur smá skammt af skýjum og rigningu, en það var ekkert til að gera veður út af, heldur vorum við þakklát fyrir gott ferðaveður. Sólin skein nú samt oftar en ekki og tókst okkur ekki að hafa áhrif á lágar úrkomutölur. Landslagið er víðáttufallegt og teygja víngarðarnir sig hundrað kílómetra frá suðri til norðurs allt frá Tann til Marlenheim og ná garðarnir alveg niður í þorpin, sem eru ævintýri útaf fyrir sig, þröngar steinlagðar götur og hús með bindingsverki, sem er einkennandi fyrir héraðið. Sannkallaður Hans og Grétu heimur.

Við skoðuðum Haut Koenigsberg kastalann, sem er frá XII. öld og þaðan var hægt að sjá yfir stóran hluta Alsace. Þá skildi maður hvað Loðvík XIV átti við þegar hann leit yfir Alsace í fyrsta sinn og sagði *„Ah! Le beau jardin”* eða eins og sagt væri í dag, *„Rosa flottur garður maður”*. Alsace er þekkt fyrir margt og má þar nefna Strassborgar gæsa-lifur, en færri vita að frelsisstyttan í New York, sem allir þekkja, er eftir listamanninn Frédéric Auguste Bartholdi, sem bjó í Colmar.

Snemma á laugardeginum hófst alvaran og fengum við greinagóðan fyrirlestur um héraðið, vínræktina og víngerð

hjá CIVA framleiðandasamtökunum og einnig hvað vínin geta gengið með fjölbreyttum mat. Eftir að hafa smakkað tvö týpísk Alsace vín lá leið okkar til Domain Weinbach. Í þessu víngerðarhúsi er algjört kvennaríki, en þar eru við stjórnvölinn mæðgur sem vita hvað þær vilja og þær sætta sig ekki við neitt nema það besta. Þar fengum við að smakka fjöldann af úrvalsvínum um leið og Faller, önnur dóttirin, fræddi okkur um vínin. Þar fundum við muninn á vínum eftir því hvenær berin voru tínd.

Eftir eldsnöggan hádegisverð í Riquewihr, fórum við til Dopff & Irion, þar sem Benedicte Claudel tók á móti okkur. Það verður að segjast að það hefði verið betra að smakka þessi vín á undan Weinbach og liðu þau nokkuð fyrir það. Stíllin miklu léttari.

Næst heimsóttum við Trimbach í Ribeauvillé og þar lyftist nú brúnin á okkur, Hubert Trimbach tók á móti okkur og

Margir vínframleiðendur í Alsace nota enn gríðarstórar og eldgamlar eikarámur fyrir víngerðina.

heillaði hann alla upp úr skónum, líflegur og skemmtilegur karl. Stíllin hjá honum er mjög þurr vín sem óhætt er að segja að séu í algerum sérflokki. Hubert hefur mjög ákveðnar skoðanir á því hvernig vín eiga að vera, og eins Grand Cru reglunum. Hann merkir vínin sín ekki Grand Cru, þó svo hann eigi Grand Cru ekrur, en honum finnst margir framleiðendur ekki vanda sig nóg við gerð þesskonar vína. Það vakti aðdáun okkar hvað allt var í röð og reglu hjá honum, meira að segja rykið á eldgömlum flöskum var snyrtilegt.

Við lukum deginum í Bergheim, nálægt Ribeauvillé og nutum frábærs kvöldverðar hjá Norbert, þar sem við fengum m.a. gæsalifur og andalæri og að sjálfsögðu var þessu rennt niður með vínum frá þið vitið hvaðan.

Sunnudagurinn (dagurinn sem við slepptum skýjunum lausum), var notaður til að túristast og skoðuðum við áður nefndan Haut Koenigsberg kastala. Skýin fóru eitthvað annað og sáust ekki síðan. Þar snæddum við mjög góðan og seðjandi

© Myndir: Sigurður Þór Sigurðarson

Alsace er vinsæll ferðamannastaður. Hús með bindingsverki eru einkennandi fyrir héraðið.

miðaldar Alsace mat og þið vitið hvað við drukkum með. Þaðan ókum við svo um hérað og komum við í kirkjunni í Hunawihr, en þar er frægasta ekra Trimbach, Clos Ste Hune. Þaðan var svo haldið heim á hótel, en tveir göngugarpar fóru fótgangandi.

Við byrjuðum mánudaginn, síðasta dag okkar í Alsace, með heimsókn til Pfaffenheim. Þar tók á móti okkur Patrick Doucet Íslandsvinur, skemmtilegur nánungi sem átti ekki í neinum vandræðum með talandann, hann leiddi okkur um víngerðina um leið og hann miðlaði til okkar ógrynnum af fróðleik. Að lokinni vettvangskönnun fengum við að smakka vínin þeirra sem eru okkur ekki ókunn hér heima.

Næst var svo René Muré sem er lítið fjölskyldufyrirtæki. Veronique, dóttir Réne útskýrði fyrir okkur framleiðslu þeirra sem er ólík hinum vínunum, feitari og ávaxtaríkari vín. Þarna fengum við að smakka Pinot Noir í fyrsta og eina skiptið og var það mjög ánægjulegt. Besti Pinot Noirinn í ferðinni.

Haut Koeningsberg kastalinn gnæfir hátt yfir Alsace i 700 metra hæð.

René bæði kaupir þrúgur frá öðrum og á einnig vínekrur sjálfur og eru vínin af þeim ekrum lífrænt ræktuð.

Næst fórum við til Eguisheim og fengum okkur hraðgleyptan hádegisverð og litum svo inn til Léon Beyer. Yann sem er af 14. kynslóð víngerðarmanna í karlegg (langur leggur það) kynnti fyrir okkur aðferðafræði þeirra í vínrækt og víngerð, en þeir leggja ofuráherslu á skraufþurr vín sem ætlast er til að neytt sé með mat. Þurr voru þau og mátti sjá það á andlitinu á samferðamönnunum þegar andlitin „ljómuðu" af Riesling brosgrettu. Það var þarna eins og annars staðar, við gátum fengið að smakka meira en við höfðum krafta og úthald til, en vínsmakk reynir ótrúlega mikið á mann.

Paul Blanc rak svo lestina. Þegar þangað var komið voru bragðlaukar margra hálf lamaðir. Philippe, sem er risi að vexti, maður sem ekki er hægt annað en líta upp til, tók á móti okkur, geislandi af lífsgleði og krafti. Hann vissi að við vorum búin að koma víða við og spurði okkur hvað við vildum smakka. Bara það besta sögðum við að sjálfsögðu og ekki stóð á því Grand Cru birtist á borðum. Það er óhætt að segja að þessi vín megi telja með risunum frá Alsace. Að loknu smakki, fór Philippe svo með okkur út á vínekru og ætlaði að fræða okkur um víngarðana, en þá kom gamall kunningi, hellirigning, og urðum við að hverfa á brott. Lauk þar með vínsmökkun og víngarðaskoðun okkar í Alsace.

Ribeauvillé er einn af gömlu bæjunum með þröngum götum – sem gerðar voru löngu fyrir tíma bifreiðanna.

Hunawihr er eitt af einkennandi þorpum Alsace þar sem víngarðarnir ná alveg niður í þorpin.

Þó ferðin hafi verið farin til að kynnast Alsace vínum, þá er ekki hægt annað en að minnast á matinn, sem er bæði bragðgóður og þannig matreiddur að manni líður alltaf vel eftir hverja máltíð. Matargerðin ber keim af þýskri matargerð, eins og t.d. Choucroute eða súrkál, sem er réttur sem samanstendur af súrkáli og reyktu og söltuði kjöti, eða fiski. Súrkálið þarna er samt ekki eins súrt og það þýska. Allskyns pylsur, að sjálfsögðu Munster osturinn frá Alsace og Flamekucke sem er útgáfa af pítsu, einföld í gerð og bragðgóð. Svo voru þarna allskyns saltkringlur, pretzels. Ferskur aspars mmmmm og, og, og, ég, ég get bara ekki haldið áfram, ég verð svo svangur þegar ég hugsa um þetta.

Alsace er ótrúlega notalegur staður að heimsækja, staður sem ég er ákveðinn í að heimsækja aftur. Algjört augnakonfekt, paradís fyrir ljósmyndaáhugafólk og himnaríki fyrir sælkera, sem kunna að meta góðan mat og drykk.

Ég hvet alla sem hnífapörum og glasi geta valdið, að eyða nokkrum dögum í Alsace.

Með Alsace kveðju
Páll Sigurðsson, vínráðgjafi

MOLAR

ÚR ÝMSUM ÁTTUM

Borgundarhólmsvín

Nafnið Búrgúndy kemur frá þjóðflokknum Búrgúndar sem komu upprunalega frá dönsku eyjunni Borgundarhólmi. Búrgúndarvínin sem við drekkum af góðri lyst, ættu því í raun að heita Borgundarhólmsvín.

Brennivínsskarð í Noregi

Í norskum kennslubókum, þar sem unglingar eru fræddir um skaðleg áhrif vímuefna, og þar á meðal áfengis, er þessa sögu að finna. Hún fjallar um þau áhrif sem áfengi getur haft á dómgreind manna. Þegar kort af Noregi er skoðað má sjá að í Þrændalögum tekur landamæralínan snögga beygju í austur inn í Svíþjóð. Þar er norska sveitarfélagið Lierne, umlukið af sænsku landi á þrjá vegu. Það að Lierne er norskt á sér eftirfarandi skýringu. 1751 fór framkvæmdanefnd, sem skipuð var Norðmönnum og Svíum, eftir landamærunum, til að skrá þau inn á kort. Þegar komið var til Lierne vildu norskir nefndarmeðlimir reyna að bjarga sveitarfélaginu frá Svíum, því íbúar þar vildu heldur tilheyra Noregi. Norðmennirnir tóku á það ráð að bjóða Svíunum upp á brennivín og skenktu þeim vel, þar til þeir urðu vel hífaðir og fengu þá síðan til að ganga í austur í staðinn fyrir norður. Þegar þeir voru komnir góðan veg í austur, tóku Svíarnir svo kúrsinn í norður, en þá var búið að bjarga Lierne inn í Noreg. Fjallvegurinn þar sem Svíarnir voru afvegaleiddir er enn þann dag í dag kallaður Brennivínsskarð.

Vín í opinni flösku

Vín í flösku sem hefur verið opnuð geymist í ísskáp 6 - 16 sinnum lengur en við stofuhita.

Vínþrúgur

Um 10.000 tegundir af vínberjaþrúgum eru ræktaðar í heiminum, en aðeins um 30 þeirra eru notaðar til víngerðar.

ÁFENGISNEYSLA Á MEÐGÖNGU

© Krista Kennell/ZUMA/Corbis

Engin þekkt „örugg mörk" eru til í sambandi við áfengisdrykkju á meðgöngu þannig að best er að sleppa áfengi algerlega á meðan.

Neysla áfengis á meðgöngu getur valdið alvarlegum líkamlegum og andlegum fæðingargöllum og þroskaskerðingu. Á hverju ári fæðast börn sem orðið hafa fyrir skaða í móðurkviði af völdum áfengis. Flestar konur gera sér grein fyrir því að mikil áfengisneysla á meðgöngu getur skaðað barnið sem þær ganga með en margar konur gera sér aftur á móti ekki grein fyrir því að jafnvel lítil neysla getur verið barninu skaðleg.

Þegar barnshafandi kona neytir áfengis jafngildir það því að gefa ófæddu barni áfengi. Áfengi fer óhindrað yfir í fylgjuna og gegnum naflastrenginn og til barnsins. Líffærin eru ekki nægilega þroskuð til að brjóta áfengið niður og því verður fóstrið fyrir meiri áhrifum af völdum þess en móðirin.

Hverjar eru hætturnar við áfengisneyslu á meðgöngu?

Það er þekkt að u.þ.b. 6% af börnum þeirra mæðra sem neyta mikils áfengis á meðgöngu verða fyrir mjög alvarlegum fósturskaða. Þar er um að ræða svokallað áfengisheilkenni fósturs (Fetal Alcohol Syndrome). Börn sem þannig er komið fyrir fæðast óeðlilega lítil miðað við meðgöngulengd, þau hafa lítil augu, flata efri vör, lítið og/eða uppbrett nef og vanþróaða kjálka. Líffærin og þá sérstaklega hjartað og heilinn þróast ekki eðlilega. Heilinn getur orðið óeðlilega lítill sem leiðir til minni heilastarfsemi, greindarskerðingar, athyglisbrests, ofvirkni, hvatvísi, hegðunarerfiðleika, skertrar félagsfærni, skertrar rökhugsunar, málhömlunar og námserfiðleika. Þessi skaði fylgir barninu ævilangt.

Áfengisheilkenni fósturs eru sjaldgæf en það er vitað með vissu að mun fleiri börn fá vægari einkenni sem birtast í hegðunarvandamálum og erfiðleikum við nám síðar á ævinni.

Áfengisneysla á meðgöngu getur einnig leitt til fósturláts, stuðlað að fæðingu fyrir tímann og dauða á nýburaskeiði. Ef verulega mikils áfengis er neytt eru tvisvar til fjórum sinnum meiri líkur á fósturláti á þriðja til sjötta mánuði meðgöngu en ella.

Er þá ekki óhætt að drekka neitt áfengi á meðgöngu?

Þeirri spurningu er fljótsvarað. Engin þekkt „örugg mörk" eru til og því er best að sleppa áfengi algjörlega á meðgöngu og meira segja er talið best að halda sig frá áfengi ef kona hefur í huga að verða barnshafandi. Einnig er vert að muna að kona sem drekkur áfengi sjaldan en mikið í einu veldur barni sínu jafnmiklum skaða og sú sem drekkur lítið áfengi hverju sinni en oft.

En ef ófrísk kona drekkur áfengi áður en hún kemst að því að hún er barnshafandi?

Ef um afmarkað tilvik er að ræða, er ólíklegt að það valdi barninu skaða. Það er vel þekkt að áhrif áfengis á fóstur eru í samræmi við magn þess sem neytt er og skiptir þá engu máli hvort um er að ræða sterk vín, létt vín eða bjór.

Hvað með áfengisneyslu verðandi föður?

Ekki eru neinar vísbendingar um að áfengisneysla föður geti valdið fósturskemmdum. Ýmislegt bendir þó til að mikil alkóhólneysla geti lækkað magn karlhormónsins testósteron sem aftur veldur minni framleiðslu á sæðisfrumum og því minnkaðri frjósemi.

Lífsstíll föðursins hefur andleg og félagsleg áhrif á líðan mæðra og barna auk þess sem faðirinn sýnir móðurinni stuðning með því að minnka eða sleppa alveg áfengisneyslu meðan á meðgöngunni stendur.

Í stuttu máli

Flestum verðandi foreldrum er það mjög mikilvægt að stuðla að heilbrigði barnsins sem í vændum er. Lífsstíll okkar getur skipt sköpum um framtíð og þroska barnsins.

Höfundur greinarinnar: Þórgunnur Hjaltadóttir, hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir og ritstjóri www.doktor.is

Lifum, lærum og njótum meðgöngunnar án áfengis.

Inn á www.doktor.is er að finna mikið af upplýsingum um flest það sem varðar heilsuna og sjúkdóma. Þessi grein er unnin upp úr ýmsum greinum af vef www.doktor.is

Kvenlega hliðin getur verið létt og ferskt rósavín. Í sínu öflugasta karlhlutverki kemur hann fram sem þróttmikið og höfugt rauðvín. Hann á það til að fela sig svolítið á bak við fjölbreytt hlutverk sín í vínskalanum

ZINFANDEL

– FJÖLSKRÚÐUGUR PERSÓNULEIKI

Texti: Christina Heinä Liman. Myndskreyting: Andreas Bennwik
Lauslega þýtt: Páll Sigurðsson
Áður birt í Bolaget, janúar 2006, fréttariti Systembolaget.
Birt með góðfúslegu leyfi Systembolaget í Svíþjóð

Hver ert þú eiginlega og hvaðan kemur þú?

- Well mister. Þrátt fyrir að teljast Kana þrúga, þá hefur mitt rétta nafn og uppruni verið spurning sem hefur brunnið á vörum manna í mörg ár. Eins og margir aðrir hér í Bandaríkjunum er ég innflytjandi. Kom hingað 1820, that's true! Það er rétt að ég er tvíburabróðir Ítalans Primitivo, en ég kem þó ekki frá Ítalíu – ræturnar er að finna í Króatíu.

En er ekki mögulegt, að þar sem þú leikur svo mörg hlutverk, hafir þú ruglað ættfræðingana í ríminu?

- Yeah, ég þekkist ekki svo auðveldlega af stílnum einum, no way! Ég get verið allt frá léttum ferskum rósavínum upp í kröftugt rauðvín – næstum því svart á lit og höfugt sem syndin.

Hvaða hlutverk heldur þú sjálfur mest upp á?

- Oh, I love them all! Að taka eitt fram yfir annað er eins og að gera upp á milli barnanna sinna – impossible!

En hvað ætli vínunnendur velji?

- Sama sagan þar, áhuginn breytist í takt við tískustrauma sem koma og fara. Um 1970 voru það ofurboltavín sem voru í tísku, næstum því eins og portvín, frá 1980 varð kúvending í hina áttina, þegar Blush vínaldan flæddi yfir með ljós roðavín með ávaxtaríkan stíl og þægilega sætu. Wow, þá varð ég svo vinsæll, að fólk trúir því enn í dag, að til sé þrúga sem heitir White Zinfandel!

Hvað er svo upp á teningnum í dag?

- These days er ég hafður í ávaxtarík, bragðmikil og tiltölulega alkóhólrík vín sem passa bæði með mat og falla að alþjóðlegum smekk. Hver veit, kannski hef ég loksins ratað heim ..?

Zinfandel í stuttu máli

Litur: *Litur: Allt frá ferskjubleiku til dimmfjólurauðs.*

Ilmur: *Mikill ávöxtur með angan af brómberjum, bláberjum, hindberjum og kirsuberjum. Hefur einnig kryddaða tóna af lakkrís, kanil og svörtum pipar. Hafi vínið verið á eikartunnum, þá bætist við vanilla, kaffi og ristað brauð.*

Bragð: *Sama og í ilmi, fylling og tannín er breytilegt, hefur oft ferska sýru.*

Ræktun: *Bandaríkin: „bandaríska þrúgan". Aðlagar sig að margskonar jarðvegi og loftslagi. Helstu ókostir eru að klasarnir eru þéttir og berin samanþjöppuð, sem getur valdið myglu. Ójafn þroski leiðir einnig af sér að í sama klasa geta verið óþroskuð og ofþroskuð ber. Þess vegna þarf oft að handtína þrúgurnar.*

Passar með: *Grilluðum kjötréttum, fuglakjöti og bragðmiklum ostum.*

Geymsla: *Léttu og ljósu vínin batna ekki við geymslu, en kröftugustu vínin þola áratugi í vínkjallaranum. Venjulegum matarvínum nægja þrjú til fimm ár, eftir það má búast við að vínið tapi sínum einkennandi ávexti.*



MATARTÁKN

MERKINGAR MEÐ VÍNLÝSINGUM

Við kynnum með ánægju matartákn sem hafa verið þróuð sérstaklega fyrir vínbúðirnar. Táknin gefa til kynna hvers konar vín er um að ræða og við hvaða matarflokka hver víntegund á sérstaklega vel við samkvæmt mati vínsérfræðinga vínbúðanna. Það er von okkar að merkingarnar auðveldi viðskiptavinum okkar að finna rétta vínið með matnum hverju sinni.

Fordrykkir/smáréttir
Fersk og létt vín. Auðvelt að drekka þau ein og sér.

Smáréttir
Hvítvín, rauðvín eða rósavín geta passað með smáréttum. Þau þurfa að vera hæfilega bragðmikil og fersk til að fara með léttari mat.

Sólpallavín
Léttir, ferskir og friskandi drykkir sem henta sérstaklega vel til drykkjar á hlýjum sumardögum.

Ostar
Með ostum geta farið hvítvín, rauðvín og rósavín.

Skelfiskur
Vín sem fara best með skelfiski þurfa að hafa ákveðinn ferskleika og hátt sýrustig. Vínið má ekki yfirgnæfa skelfiskbragðið.

Fiskur
Vín sem geta farið með margs konar fiskréttum.

Alifuglar
Vín sem henta vel með fuglakjöti eins og kjúklingi, kalkún, aliönd og aligæs.

Svínakjöt
Vín sem hafa kraft og fyllingu til þess að passa með margs konar ljósu kjöti.

Nautakjöt
Vín sem hafa nægjanlegan kraft og fyllingu til þess að passa með blóðugu nautakjöti.

Lambakjöt
Kraftmikið vín sem passar vel með íslenska lambakjötinu.

Léttari villibráð
Vín sem hafa náð ákveðnum þroska og fara vel með léttari villibráð eins og fasana, akurhænu og villiönd.

Kröftugri villibráð
Kraftmikil og öflug vín sem fara vel með bragðmikilli íslenskri villibráð.

Grænmetisréttir
Vín sem einkennast af ferskleika, sýru og léttu bragði.

Grillað kjöt
Vín sem henta sérstaklega með grilluðum mat, hvort sem það er fiskmeti eða kjöt.

Austurlenskur matur
Með austurlenskum mat ætti að velja vín sem fara vel með súrsætum, léttkrydduðum eða sterkkrydduðum mat.

Sterkkryddað
Vín sem henta sérstaklega til þess að hafa með krydduðum og bragðmiklum mat.

Pasta/pítsur
Vín sem fara með léttari matartegundum eins og pasta. Það er síðan meðlætið, krydd og sósur sem ráða því hvort fólk velur hvítvín, rauðvín eða rósavín.

Reykt kjöt
Ávaxtarík vín með þétta byggingu sem reykbragðið og saltið yfirgnæfa ekki.

Pottréttir
Vín með ákveðinn bragðstyrk, sýru og tannín sem geta staðið með bragðmiklum pottréttum.

Ábætisréttir
Sæt vín sem henta með ábætisréttum.

Ein og sér
Vín sem njóta sín best ein og sér.

.

Drekkið strax

Tilbúið til að drekka

Tilbúið til að drekka, má geyma

Batnar við geymslu

NÝJAR VÖRUR Í VÍNBÚÐUNUM

Hér eru kynntar nokkrar af þeim nýju vörum sem komu í vínbúðirnar Heiðrúnu og Kringluna í júní, júlí og ágúst. Þær fást aðeins í vínbúðunum Heiðrúnu og Kringlunni. Þær eru einnig hægt að panta. Verð gilda í ágúst 2006. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Chamarre Shiraz - Merlot

Vnr:10479 750 ml 12.5%

Einkenni: *Rúbínrautt. Mjúk meðalfylling, þurrt, ferskt, miðlungs tannín með sælgætiskenndan sultaðan ávöxt.*

Uppruni: 2004, Frakkland, Oc

Framleiðandi: EMB

Verð: 1090 kr.

Chanson Bourgogne Pinot Noir

Vnr:10593 750 ml 13%

Einkenni: *Ljóskirsuberjarautt. Létt fylling, þurrt og sýruríkt með lítil en þurrkandi tannín og fríska rauðan berjakeim.*

Uppruni: 2004, Frakkland, Bourgogne

Framleiðandi: Chanson Pere & Fils

Verð: 1590 kr.

Chateau Bellevue Fronsac

Vnr:10515 750 ml 12.5%

Einkenni: *Múrsteinsrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt með þroskuð tannín, þroskaðan, sultaðan ávöxt, jarðar- og negultóna.*

Uppruni: 2002, Frakkland, Fronsac

Framleiðandi: Olivier Decelle

Verð: 1790 kr.

Chateau de Flaugergues

Vnr:10452 750 ml 14.5%

Einkenni: *Kirsuberjarautt. Meðalfylling, höfugt, þurrt, ferskt, með mikið þroskuð tannín, ferskan rauðan berjaávöxt og léttan kryddkeim.*

Uppruni: 2003, Frakkland, Coteaux du Languedoc

Framleiðandi: Chateau de Flaugergues

Verð: 1750 kr.

Chateau des Erles Fitou

Vnr:09932 750 ml 13%

Einkenni: *Dökkrúbínrautt. Þétt meðalfylling. Þurrt, ferskt, þroskuð tannín með mjúkan berjabláma, eikar- og vanillutóna.*

Uppruni: 2003, Frakkland, Fitou

Framleiðandi: J&F Lurton S.A.

Verð: 3690 kr.

Cielo Merlot

Vnr:08747 750 ml 11.5%

Einkenni: *Ljóskirsuberjarautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt, lítil þroskuð tannín með létta sveitakennda skógarberjatóna.*

Uppruni: 2004, Ítalía, Venezie

Framleiðandi: Cielo SpA

Verð: 990 kr.

Clay Station Petite Sirah

Vnr:10420 750 ml 13.5%

Einkenni: *Dökkfjólurautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þurrkandi tannín. Með lyngkenndan bláberja- og sveitakeim.*
Uppruni: 2003, Bandaríkin, Lodi
Framleiðandi: Delicato Family Vineyards
Verð: 1690 kr.

Guelbenzu Azul

Vnr:07747 750 ml 13%

Einkenni: *Dökkmúrsteinsrautt. Mjúk fylling, þurrt og milt með mjúk tannín og þroskaðan dökkan ávaxtakeim.*
Uppruni: 2003, Spánn, Riera del Queiles
Framleiðandi: Bodegas Guelbenzu
Verð: 1670 kr.

La Joya Merlot Reserve

Vnr:10569 750 ml 13.5%

Einkenni: *Dökkrúbínrautt. Þétt fylling, þurrt og milt með þroskuð tannín. Keimur af sólberjum, barkarkryddi, eik og jörð.*
Uppruni: 2004, Chile, Colchagua Valley
Framleiðandi: Vina Bisquertt
Verð: 1260 kr.

M. Chapoutier Chateauneuf-du-Pape La Bernardine

Vnr:00175 750 ml 14.5%

Einkenni: *Kirsuberjarautt. Þétt meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín, höfugt með rauðum, krydduðum lyngkenndum berjaávexti.*
Uppruni: 2004, Frakkland, Chateauneuf-du-Pape
Framleiðandi: M. Chapoutier
Verð: 3290 kr.

M. Chapoutier La Sizeranne

Vnr:02563 750 ml 14.5%

Einkenni: *Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín, þroskaður rauður ávöxtur með keim af jörð og skógarbotni.*
Uppruni: 2002, Frakkland, Hermitage
Framleiðandi: M. Chapoutier
Verð: 5170 kr.

Felsina Berardenga Chianti Classico

Vnr:10520 750 ml 13.5%

Einkenni: *Dökkkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt með þroskuð tannín, léttan þroskaðan sólbakaðan berjakeim og kryddtóna.*
Uppruni: 2004, Ítalía, Chianti Classico
Framleiðandi: Felsina S.p.A.
Verð: 2090 kr.

Italia Negroamaro

Vnr:10494 750 ml 13%

Einkenni: *Kirsuberjarautt. Mjúk meðalfylling, þurrt, ferskt, með þroskuð tannín, krydduðan skógarberjakeim, jarðar og barrtóna.*
Uppruni: 2003, Ítalía, Puglia
Framleiðandi: Araldica Vini Piemontesi
Verð: 1250 kr.

Le Regalet

Vnr:10438 750 ml 12.5%

Einkenni: *Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt með þroskuð tannín og laufkenndan bakaðan ávöxt.*
Uppruni: 2003, Frakkland, Bordeaux Superieur
Framleiðandi: Joseph Janoueix S.A.
Verð: 1290 kr.

M. Chapoutier Gigondas

Vnr:10513 750 ml 14.5%

Einkenni: *Rúbínrautt. Þétt meðalfylling, þurrt, höfugt, ferskt með mikil þroskuð tannín, berjabláma og hrattóna.*
Uppruni: 2004, Frakkland, Gigondas
Framleiðandi: M.Chapoutier
Verð: 2690 kr.

Mas Nicot Coteaux du Languedoc

Vnr:10500 750 ml 13%

